

**GJALDSKRÁ****fyrir sorphirðu í Hveragerði fyrir árið 1997.**

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu í Hveragerði, sbr. samþykkt nr. 39/1983 um sorpheimtu í Hveragerði, fyrir árið 1997 skal vera kr. 7.020 og innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðis er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til þess að gilda árið 1997.

*Umhverfissráðuneytinu, 18. febrúar 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.***Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 151

**GJALDSKRÁ**

19. febrúar 1997

**fyrir sorphirðu á Raufarhöfn.**

1. gr.

Raufarhafnarhreppi er heimilt að innheimta sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Gjaldið er sem hér segir:

- A) Sorphirðugjald kr. 4.000 skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum.
- B) Fyrirtæki.

Flokkur	Sorphirðugjald kr.	Flokkur	Sorphirðugjald kr.
0 .....	5.000	3 .....	50.000
1 .....	10.000	4 .....	80.000
2 .....	25.000	5 .....	250.000

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. með tilliti til magns úrgangs. Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á eyðingarstað, greiði 50% af gjaldi viðkomandi flokks í stafl. B). Gjaldalagi er 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjald-daga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps staðfest-ist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 19. febrúar 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.***Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*